

Safnvörður við Byggðasafn Árnesinga

Starf safnvarðar við Byggðasafn Árnesinga er laust til umsóknar.

Um er að ræða fullt starf. Unnið er undir stjórn safnstjóra að faglegum störfum við safnið. Starfið er fjölbreytt og felst í móttöku gestahópa og leiðsögn, gæslu, safnmunaskráningu í Sarp, umsyslu varðveislu safnkosts, viðburðastjórnun, sýningagerð, markaðssetningu, safnfræðslu fyrir nemendur skóla og ýmsu fleiru. Leitað er að drifandi og áhugasömum einstaklingi sem er sjálfstæður og vandaður í vinnubrögðum og lipur í manlegum samskiptum. Æskilegt er að umsækjandi hafi menntun sem nýtist í starfi og þekkingu á safnastarfi. Góð almenn tölvukunnátta er nauðsynleg og góð íslenskukunnátta og ritfærni. Æskilegt er að viðkomandi geti unnið utan hefðbundins dagvinnutíma þegar svo ber undir.

Byggðasafn Árnesinga er í eigu Héraðsnefndar Árnesinga bs., starfssvæðið er Árnessýsla öll en höfuðstöðvar safnsins eru á Eyrarbakka. Safnið er með skrifstofu og geymslur að Hafnarbrú 3 á Eyrarbakka og grunnsýningu í Húsinu á Eyrarbakka, Eggjaskúrnum og Kirkjubæ. Það sér einnig um starfsemi Sjóminjasafnsins á Eyrarbakka og Rjómabúsins á Bausstöðum skv. þjónustusamningum. Framundan er spennandi og krefjandi verkefni við flutning innri aðstöðu safnsins í nýtt húsnæði.

Umsóknarfrestur er til **1. desember 2019**. Gert er ráð fyrir að ráða til eins árs með möguleika á framtíðarráðningu. Laun samkvæmt kjarasamningi Fræðagarðs við Samband íslenskra sveitarfélaga. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf ekki síðar en 1. mars 2020. **Nánari upplýsingar gefur Lýður Pálsson safnstjóri í síma 891 7766.**



Upplýsingar um Byggðasafn Árnesinga má finna á heimasíðu safnsins www.byggdasafn.is.

Umsóknir skal senda til **Byggðasafns Árnesinga, Hafnarbrú 3, 820 Eyrarbakka** eða á netfangið lydurp@byggdasafn.is.

Öllum umsóknnum verður svarað. Umsóknir skulu innihalda starfsferilsskrá og kynningarbréf sem greinir frá reynslu, menntun og fyrri störfum ásamt rökstuðningi fyrir hæfni í starfið.

BYGGÐASAFN ÁRNESINGA